



**268. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 27. september 2018 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll: Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þórey Edda Elísdóttir.**

**Forseti setti fundi og stýrði honum.**

**Dagskrá:**

### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusambands Íslands fór yfir stöðu ólympískra verkefna. Undirbúningur fyrir YOG í Buenos Aires hefur gengið vel og allt er tilbúið fyrir brottför.

Sviðið hefur undanfarið fundað með einstökum sérsamböndum ÍSí vegna stöðu afreksmála sérsambanda á yfirstandandi ári. Fleiri fundir eru á döfnni næstu vikum.

### **2. Fagsvið ÍSí**

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Nýr bæklingur til að efla þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi hefur verið gefinn út á fimm tungumálum auk íslensku. Útgáfan er samstarfsverkefni ÍSí og UMFÍ. Í tengslum við útgáfuna voru veittir fimm 150 þúsund króna styrkir til íþróttahéraða/íþróttafélaga til verkefna sem tengjast málefnninu. Þeir aðilar sem hlutu styrki eru Knattspyrnufélagið Valur, taekwondodeild Keflavíkur, ÍBV, ÍA og HSH.

Framundan eru fjölmörg fræðslutengd verkefni, svo sem Forvarnardagurinn, ráðstefna Sýnum karakter, útgáfa þjálffræðibókar, Ólympíuhlaupið o.s.frv.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hann skýrði frá árlegum norrænum fundi samtaka um fyrirtækjaíþróttir sem haldinn var í Stokkhólmi nýlega og hann og sviðsstjóri sóttu. Ísland mun halda þennan fund árið 2020. Íþróttavika Evrópu stendur nú yfir undir myllumerkinu #beactive og var #beactive dagurinn haldinn hátíðlegur í Laugardalnum sunnudaginn 23. september sl.

Sambandsaðilar ÍSí standa fyrir íþróttaviðburðum þessa viku í tengslum við verkefnið.

### **3. Fjárhagsupplýsingar – átta mánaða uppgjör**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir átta mánaða uppgjör reksturs ÍSí. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

#### **4. Nordic Meeting 2018**

Árlegur fundur norrænna íþrótt- og Ólympíusamtaka var haldinn í Visby á Gotlandi 14. - 16. september sl. Skýrsla frá fundinum var send með tölvupósti til framkvæmdastjórnar fyrir fundinn. Varaforseti, gjaldkeri, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sóttu fundinn en forseti forfallaðist á síðustu stundu vegna annarra verkefna. Á fundinum var staðfest að ÍSÍ er heimilt að senda 1-2 þátttakendur í NILE leiðtogamenntunina og greiða einungis fyrir þá þátttakendur en ekki fullt aðildargjald að náminu sem miðar við fimm þátttakendur. Vísað til Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ að leita að mögulegum þátttakendum í námið og tilnefna til framkvæmdastjórnar til ákvörðunar. Á fundinum var samþykkt samnorræn yfirlýsing varðandi baráttuna gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Drög að yfirlýsingunni voru kynnt fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ á síðasta stjórnarfundi og voru engar efnislegar breytingar gerðar á fundinum í Visby. Nauðsynlegt er að vinna að þeim kröfum sem fram koma í yfirlýsingunni. Ísland verður gestgjafi næsta Nordic Meeting, haustið 2019 þar sem Íþróttasamband Álandseyja, sem voru næst í röðinni, baðst undan því að halda fundinn.

#### **5. 2018 EOC Laurel Awards**

Framkvæmdastjórn ÍSÍ tilnefndi Ellert B. Schram Heiðursforseta ÍSÍ til 2018 EOC Laurel Awards. Framkvæmdastjórn EOC samþykkti á síðasta fundi stjórnar EOC að veita Ellert viðurkenninguna og verður hún afhent á ársþingi EOC í Marbella á Spáni í nóvember nk.

#### **6. Erindi Íþróttafélagsins Þórs á Akureyri varðandi keppnisheiti handknattleiksdeildar félagsins**

Framkvæmdastjóri fór yfir feril málsins. ÍSÍ samþykkti að heimila félaginu notkun keppnisheitisins Akureyri, handbolti – Þór fyrir alla flokka í handknattleik. Í kjölfarið drógu þeir þá beiðni til baka og óskuðu í staðinn eftir heimild til að kalla flokkana Akureyri handbolti, án tilvísunar í nafn félagsins. Því var hafnað bréflega. Notkun keppnisheita er skilyrt tilvísun í nafn viðkomandi félags.

#### **7. GDPR málefni**

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála. Breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá Advania/Advice sem hafa haft áhrif á tímaáætlanir. Áfram er unnið að persónuverndarmálum fyrir ÍSÍ sem og sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. Unnið er að því að útbúa stöðluð form og leiðbeinandi efni fyrir allar einingar íþróttahreyfingarinnar. Það ætti að auðvelda íþróttahreyfingunni að uppfylla kröfur nýrra Persónuverndarlaga. ÍSÍ greiðir fyrir þá vinnu sem hreyfingin nýtur góðs af.

#### **8. Siðareglur ÍSÍ**

Lögð fram drög að endurskoðuðum Siðareglum ÍSÍ sem unnin voru í samstarfi við Bryndísi Valsdóttur siðfræðingi og með ráðgjöf frá Salvöru Nordal hjá Umboðsmanni barna. Nokkrar ábendingar komu fram á fundinum og verða reglurnar aftur til umfjöllunar á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

## 9. #metoo málefni

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur opnað samráðsgátt á island.is fyrir umsagnir um áform ráðuneytisins um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála. Samþykkt að senda inn stutta umsögn þar sem ÍSÍ fagnar þessum áformum.

## 10. Íþróttaping ÍSÍ

Samþykkt að næsta Íþróttaping ÍSÍ fari fram dagana 3.-4. maí 2019 á höfuðborgarsvæðinu. Nánari staðsetning verður ákveðin síðar.

## 11. Ráðstefna um skipulag íþróttahreyfingarinnar

Viðar Garðarsson skýrði frá því helsta úr starfi undirbúningsnefndar ráðstefnunnar. Búið er að ákveða fyrirkomulag ráðstefnunnar að mestu en hún verður haldin í Laugardalshöll 16. nóvember nk. í tengslum við Formannafund ÍSÍ.

## 12. Fulltrúi ÍSÍ í samráðsvettvangi um Heilsueflandi samfélag og Heimsmarkmiðin

Tekið fyrir erindi Embættis landlæknis þar sem óskað er eftir fulltrúa frá ÍSÍ í samráðsvettvang um Heilsueflandi samfélag og Heimsmarkmiðin. Samþykkt að tilnefna Hrönn Guðmundsdóttur sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ sem fulltrúa ÍSÍ.

## 13. Heiðranir

Samþykkt var með rafrænum hætti að heiðra eftirfarandi einstaklinga með Silfurmerki ÍSÍ, í tilefni af 100 ára afmæli Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga: Jóhönnu Sigrúnu Árnadóttur, Svanborgu Guðbjörnsdóttur, Gústaf Jökul Ólafsson, Ingvar Samúelsson og Bryndísi Karlsdóttur. Merkin afhenti Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri í 100 ára afmælishófi UDN 1. september sl. afhenti merkin.

## 14. Næstu fundir

Samkvæmt samþykkt síðasta fundar var áætlað að halda næsta fund fimmtudaginn 18. október. Samþykkt að breyta þeirri dagsetningu í miðvikudaginn 17. október og hafa vinnufund stjórnar í kjölfar fundarins.

## 15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 267. fundur framkvæmdastjórnar
- 12. og 13. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 23. ágúst og 17. september 2018
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 31. ágúst 2018
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 24. september 2018
- Laganefnd ÍSÍ frá 11. september 2018. Tillögur laganefndar staðfestar.
- Skýrsla frá Nordic Meeting 2018 í Visby á Gotlandi

## 16. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

## **17. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.